

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð
Borgartúni 12-14

105 Reykjavík.

Reykjavík, 24. ágúst 2020.

Afraunamaðurinn Jón Páll Sigmarsson var svo sannarlega Íslensk þjóðhetja og árum saman var vinsælasta setning þjóðarinnar ''þetta er ekkert mál fyrir Jón Pál''. Jón Páll lést langt um aldur fram árið 1993 aðeins 33 ára að aldri en hafði á sinni stuttu ævi afrekað það að verða fjórum sinnum sterkasti maður heims, kosinn íþróttamaður ársins 1981 ásamt því að vinna ótal titla og setja met í ólympískum lyftingum og kraftlyftingum. Jón Páll vann sig inní hug og hjörту Íslendinga og er heimsfrægur sem faðir nútíma aflrauna. Magnús Ver Magnússon fylgdi í fótspor Jóns Páls vinar síns og vann einnig fjóra titla sem sterkasti maður heims og hans lærisveinn Hafþór Július Björnsson hefur haldið minningu Jóns Páls á lofti með sínum afrekum og hefur hann fært Íslendingum níunda sterkasti maður heims titilinn og er von á fleirum.

Allar götur síðan 1993 hefur verið mikill áhugi á að reisa styttu Jóni Páli til heiðurs og hafa margir reynt að koma því verkefni á framfæri en því miður að árangurslausu. Nú hefur hópur úr fjölskyldu Jóns Páls með son hans Sigmar og barnsmóður hans Jónínu Sverrisdóttur í farabroddi safnað áheitum um fjárstuðning til styttingerðar og vantar því bara stað fyrir styttnuna. Hópurinn fer því á leit við MÍT að gefa leyfi fyrir að reisa stytta álika og sú sem er á meðfylgjandi mynd. Í því húsnæði sem borgin síðar úthlutaði til lyftingar og kraftlyftingamanna og var þekkt sem JAKABÓL steig Jón Páll sín fyrstu skref í lóðaþjálfun.

Jón Páll hefði orðið sextugur þann 28 Apríl á þessu ári og það er okkur kappsmál að fá samþykki fyrir því að reisa þessa styttu þar sem Jakaból var sem fyrst þannig að við getum hafist handa við að byggja hana. Stytta verður byggð á steyptum stalli sem verður c.a. 2mx2m að flatarmáli og mun standa um 50cm uppúr jörðu. Stytta sjálf mun verða um 2m há og rúmlega meter á breidd. Planið er að byggja hefðbundna bronsstyttu. Það verður bronsskjöldur á stallinum með stuttu æviágripi um Jón Pál.

Hópurinn tekur fulla ábyrgð á öllum kostnaði og framkvæmdum við að reisa styttnuna sem og viðhaldi styttnar.

Fyrir hönd stytuhópsins,

Með vinsemdu og virðingu,
Völundur Þorbjörnsson